

Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 2. bekkur skólaárið 2025-2026



Kennari: Marinó Oddur

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku þriðjungi af skólaárinu

Virðing-Ábyrgð-Árangur-Ánægja

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk	Læri að nota verkfæri og vélar við hæfi á öruggan hátt. Kynnist hættum sem fylgja notkun verkfæra og véla sem þau nota. Kynnist smíðaeignum s.s. tré, pappír og pappa.	Nemendur læra: Að taka í sundur (klippa, rífa, saga) og setja saman (líma, hefta, oph.) ýmis efni að nota sög til að saga í tré að nota sandpappír Nemendur fá að skoða efnin sem verið er að nota í smíðastofunni.	Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur. Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.
Hönnun og tækni	Kynnist einföldum samsetningum. Geti gert einfalda teikningu og unnið eftir henni. Hafi kynnst yfirborðsmeðferð.	Nemendur læra: að tengja saman hluti á einfaldan hátt s.s. líma að teikna hugmyndina á einfaldan hátt á blað og klippa út að forma hlutinn með sandpappír eða raspi að mála eða bera olíu á verkefnið	Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.

Umhverfi	Hafi kynnst því hvernig nýta má efnivið sem er verið að vinna með. Öryggi og gildi.	Nemendur læri: að þekkja og nýta efni sem eru við þeirra hæfi að nýta efni úr umhverfinu að nota eyrnahlífar og hlífðargleraugu eftir atvikum rétta líkamsstöðu við vinnu.	
Námsgögn: Bækur, blöð og efni á netinu til hugmyndavinnu. Efniviður sem skólinn kaupir og einnig er í boði að nemendur komi með efni sem þeir vilja nota (kannski eitthvað sem þeir hafa fundið í fjörunni eða annarsstaðar).			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið eftir þetta skólaár. Einnig notar kennarinn leiðsagnarmat sem fer fram í hverjum tíma. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi og safna þannig á hæfnikort sitt.			